

Fundur svæðisráðs mánudaginn 9. október 2017 kl. 14.00, símafundur.

Mætt: Ásta Berghildur Ólafsdóttir, Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, Ólafía Jakobsdóttir, Erla Ívarsdóttir, Hákon Gunnarsson og Fanney Ásgeirsdóttir sem ritar fundargerð. Heiða Guðmundsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá fundarins:

- Drög að rekstrarramma fyrir Vestursvæðið fyrir 2018, frá framkvæmda- og fjármálastjóra.
 - Gildandi reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð nr. 608/2008 með breytingum – til yfirlestrar og umsagnar.
 - Framhald umræðu um Vonarskarð.
1. Þjóðgarðsvörður lýsti áhyggjum yfir rekstrarrammanum og benti sérstaklega á að hann er alltof þröngur hvað varðar launaliðinn. Upphæðin þar myndi dekkja laun fastráðinna starfsmanna og annaðhvort opnun Skaftárstofu eða lágmarkslandvörslu á hálendinu sem við berum ábyrgð á. Fram kom að vegna sérstakra aðstæðna í stjórnálgunum um þessar mundir ríkir í raun enn óvissa um fjárframlag til garðsins. Svæðisráðið felur þjóðgarðsverði að halda áfram að leggja línur fyrir næsta ár út frá þeirri raunþörf sem er til staðar en hafa í huga mögulega þörf á að forgangsraða verkefnum ef fjármagn reynist ekki nægt.
 2. Engar athugasemdir komu fram um breytingar á reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð.
 3. Vonarskarð. Þjóðgarðsvörður er búinn að hitta formann stjórnar. Ekki náðist samkomulag um drög að greinargerð í anda þess sem meirihluti svæðisráðs var búinn að leggja til. Ráðið ákveður að senda þau gögn sem búið er að vinna til stjórnar þjóðgarðsins svo hægt sé að vinna málin áfram á næsta stjórnarfundi eins og gert hafði verið ráð fyrir.

Önnur mál:

Búið er að senda Skaftárhreppi ákall um að hlaupa undir bagga með rekstur Skaftárstofu til áramóta. Málið verður tekið fyrir á næsta fundi sveitarstjórnar.

Fleira ekki gert og fundi slitið um kl. 15:00